

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Menntasjóð Sigurðar B. Sívertsen.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir „Menntasjóður Sigurðar B. Sívertsen“ og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Sunnubraut 4 í Sveitarfélaginu Garði.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að efla menntastigið í Garðinum með því að styrkja efnislega íbúa í sveitarfélaginu:

sem stunda nám á háskólastigi

sem stunda nám í endurmenntun

einstaklinga með háskólamenntun sem flytja í sveitarfélagið.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að styrkir eru greiddir til þeirra umsækjenda sem sjóðstjórn velur hverju sinni, einu sinni á ári.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Sveitarfélagið Garður, kt. 570169-4329, til heimilis að Sunnubraut 4 í Garði, og leggur sveitarfélagið fram 1.000.000 kr. stofnfé.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000 sem er lagt fram af stofnanda. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 3 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir varamenn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val á stjórnarmönnum skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar sem þeir kunna að óska, og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðun.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr., hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 6. apríl 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.